

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 11. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0034
SS

Efni: Umsögn um framkvæmd Hagabrautar í Holtum.

Við er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 18. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um hvort framkvæmd Vegagerðarinnar á rúmlega 7,4 km löngum kafla á Hagabraut (286) í Holtum í Rangárþingi ytra, sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og telur ekki þörf á að hún fari í fullt mat á umhverfisáhrifum. Endurbygging vegarins mun að lang stærstu leyti eiga sér stað í núverandi vegstæði fyrir utan 200 m langan kafla í landi Lýtingsstaða þar sem veginum er hliðrað lítið eitt. Þar mun sú hliðrun valda raski á gróðri en að mestu ræktuð tún. Annars staðar mun breikkun vegarins valda staðbundnu raski en heilt yfir er það ekki umfangsmikið. Á einum stað mun vegurinn liggja í jaðri votlendis sem fellur undir ákvæði náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um sérstaka verndun en lítið rask verður á votlendinu sjálfu og farið í aðgerðir til að draga úr áhrifum á vatnafar. Efnistaka verður að mestu úr sneiðingum en viðbótarefni sótt í námur sem þegar eru á skipulagi. Sneiðing við Nónhamar mun valda einhverju raski á grágrýtismyndun en slíkar eru einkennandi á svæðinu. Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg og getur Náttúrufræðistofnun tekið undir það en ítrekar mikilvægi þess að sýna tillit til fuglalífs á varptíma þegar framkvæmdir eru í gangi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndar

